



Stafir og hækjur frá Kowsky Notendaleiðbeiningar

- Áður en stafurinn/hækjan er tekin í notkun, athugið að hnappurinn til að stilla hæðina standi vel út úr gatinu.
- Athugið að allir skrúfaðir hlutar séu vel hertir.
- Skiptið um hækjugúmmí ef það er orðið slitið.
- Hafið stafinn/hækjuna nálægt líkamanum þegar gengið er. Látið þungan koma sem beinast ofan á tækið.
- Hengið ekki veski, poka eða annað á handfangið.
- Notið stafinn/hækjuna eingöngu sem gönguhjálpartæki.
- Þrífið stafinn/hækjuna með mjúkum, rökum klút og notið milda sápu. Varist að setja efni sem eru sleip á gúmmíð.